



186. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 18. maí 2011 kl. 16:15..

**Mættir:** Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal, Gunnar Bragason, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Helga H. Magnúsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður, Garðar Svansson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

**Forföll:** Sigríður Jónsdóttir.

**Forseti setti fund og stýrði honum.**

#### **1. Skipan í embætti stjórnar**

Forseti kynnti tillögur sínar að skipan í embætti framkvæmdastjórnar fyrir tímabilið 2011-2013. Forseti gerði tillögu um Lárus Blöndal sem varaforseta ÍSÍ, Gunnar Bragason sem gjaldkera ÍSÍ og Helgu Steinunni Guðmundsdóttur sem ritara ÍSÍ. Tillögurnar samþykktar einróma.

#### **2. Skipan í stjórnir, nefndir og ráð**

Forseti lagði fram tillögur að skipan í ráð sviða ÍSÍ, fastanefndir og vinnuhópa fyrir starfstímabilið 2011-2013.

**Afrek- og Ólympíusvið:** Friðrik Einarsson formaður, Sigríður Jónsdóttir og Helga H. Magnúsdóttir.

**Almenningsíþróttasvið:** Hafsteinn Pálsson formaður, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir og Gunnlaugur Júlíusson.

**Þróunar- og fræðslusvið:** Sigríður Jónsdóttir formaður, Jón Gestur Viggósson og Gústaf Hjaltason.

**Afreakssjóður og Sjóður ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna:** Örn Andrésson formaður, Helga H. Magnúsdóttir, Valdimar Leó Friðriksson, Júlíus Rafnsson, Guðmundur Harðarson, Kolbeinn Pálsson og Hermann Valsson.

**Afreakskvennasjóður Glitnis:** Svava Grönfeldt formaður, Þórdís Gísladóttir og Vanda Sigurgeirsdóttir.

**Fjármálaráð ÍSÍ:** Gunnar Bragason formaður, Jón Gestur Viggósson og Örn Andrésson. Vinnuhópur um Rannsóknarmiðstöð afreksíþróttar: Sigríður Jónsdóttir formaður, Gunnar Bragason, Garðar Svansson og Frímenn Ari Ferdinandsson.

**Afmælisnefnd ÍSÍ:** Örn Andrésson formaður, Logi Kristjánsson, Sveinn Áki Lúðvíksson, Ingvar Sverrisson og Pétur Hrafn Sigurðsson.

**Ritnefnd ÍSÍ:** Stefán Konráðsson formaður, Jón Gestur Viggósson, Magnús Oddsson og Unnur Stefánsdóttir.

**Heiðursráð ÍSÍ:** Hafsteinn Pálsson formaður, Björg Blöndal, Ari Bergmann Einarsson, Reynir Ragnarsson og Engilbert Olgeirsson.

**Alþjóðanefnd ÍSÍ:** Ólafur Rafnsson formaður, Lárus Blöndal, Gunnar Bragason og Helga Steinunn Guðmundsdóttir.

**Heilbrigðisráð ÍSÍ:** Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir formaður, Gauti Grétarsson, Hafrún Kristjánsdóttir, Ágúst Kárasón, Fríða Rún Þórðardóttir og Gunnlaugur Júlíusson.

**Lyfjaráð ÍSÍ:** Skúli Skúlason formaður, Halldór Halldórsson og Reynir Björnsson.

**Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ:** Áslaug Sigurjónsdóttir formaður, Davíð Ólafsson og Óskar Þór Ármannsson.

**Laganefnd ÍSÍ:** Lárus Blöndal formaður, Guðmundur Pétursson og Valgarður Sigurðsson.

**Verkefnasjóður ÍSÍ:** Ólafur Rafnsson formaður, Gunnar Bragason og Helga Steinunn Guðmundsdóttir.

**Tölvunefnd ÍSÍ:** Örn Andrésson formaður, Jón Gestur Viggósson, Garðar Svansson, Hörður Þorsteinsson, Andri Stefánsson og Gústaf Adolf Hjaltason.

**Nefnd ÍSÍ um íþróttir eldri borgara:** Hermann Sigtryggsson formaður, Ástbjörg Gunnarsdóttir og Magnús Oddsson.

**Kvennahlaupsnefnd ÍSÍ:** Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir formaður, Anna Möller og Gígja Gunnarsdóttir.

**Fjölmíðlanefnd ÍSÍ:** Ólafur Rafnsson formaður, Hafsteinn Pálsson og Friðrik Einarsson.

**Nefnd um innra skipulag ÍSÍ:** Helga Steinunn Guðmundsdóttir.

**Fulltrúi í Vetrariþróttamiðstöð Ísland:** Friðrik Einarsson.

**Fulltrúar í Íslenskri getsþá:** Lárus Blöndal og Gunnar Bragason.

**Fulltrúar í Íslenskum getraunum:** Hafsteinn Pálsson og Líney Rut Halldórsdóttir.

**Fulltrúi í Íþróttanefnd ríkisins:** Sigríður Jónsdóttir.

### **3. Ólympísk verkefni**

#### **Smáþjóðaleikar**

Örn Andrésson skýrði frá því að undirbúningur fyrir leikana væri á lokastigi. Forseti Íslands hefur afboðað sig vegna annarra verkefna. Formaður ÍTR, Eva Einarsdóttir, og Ingvar Sverrisson formaður ÍBR munu sækja leikana heim til undirbúnings fyrir leikana sem haldnir verða hér á landi árið 2015.

Skrifstofustjóri mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Ásta Magnúsdóttir og Óskar Þór Ármannsson Íþróttafulltrúi ríkisins munu sækja fund ráðherrafund sem haldinn verður í tengslum við leikana.

Fararstjórn ÍSÍ samanstendur af Erni Andrésyni aðalfararstjóra, Andra Stefánssyni, Örvar Ólafssyni og Þórarni Alvari Þórarinssyni, auk fagteymis ÍSÍ sem samanstendur af Örnólfi Valdimarssyni lækni, Hafrúnu Kristjánsdóttur sálfræðingi og Thelmu Dögg Ragnarsdóttur sjúkraþjálfara.

#### **EYOF Trabzon**

Helga H. Magnúsdóttir skýrði frá því að undirbúningur hér heima gangi vel en ýmislegt væri óklárt úti hjá skipuleggjendum í Trabzon.

### **4. Smáþjóðaleikar 2015**

Framkvæmdastjóri kynnti þær umsóknir sem borist hafa varðandi valgreinar á Smáþjóðaleikunum sem haldnir verða á Íslandi árið 2015. Umsóknir bárust frá 10 sérsamböndum.

Að lokinni kynningu greiddi framkvæmdastjórn atkvæði um þær tvær valgreinar sem hver og einn taldi að helst kæmi til greina á leikunum og voru badminton og skylmingar með flest atkvæði þegar búið var að fara yfir niðurstöður atkvæða. Niðurstaða þessi verður kynnt á næsta fundi framkvæmdastjórnar GSSE sem haldinn verður í Liechtenstein 29. maí nk. Endanleg ákvörðun um valgreinarnar verður tekin þar.

Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður greiddi atkvæði í fjarveru Sigríðar Jónsdóttur.

### **5. Siðareglur ÍSÍ**

Lagðar fram siðareglur ÍSÍ ásamt hegðunarviðmiðum sem kynntar voru í skýrslu vinnuhóps um siðareglur ÍSÍ á 70. Íþróttáþingi ÍSÍ í apríl síðastliðnum. Reglurnar samþykktar og skrifstofu falið að setja þær inn á heimasíðu ÍSÍ til kynningar.

### **6. Ályktanir sambandsaðila**

Lagðar fram ályktanir/áskoranir frá ársþingum ÍF, UMSB, HSK og STÍ er varða málefni tengdum starfsemi ÍSÍ og sambandsaðila þess.

### **7. Felix, skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ**

Lagt fram svarbréf Ungmennafélags Íslands við bréfi ÍSÍ vegna skiptingu á rekstrarkostnaði Felix. Samþykkt að forseti verði í sambandi við formann UMFÍ vegna málsins.

## 8. Heiðranir

Eftirfarandi heiðranir samþykktar vegna 100 ára afmælis Knattspyrnufélagsins Vals:

**Heiðurskross ÍSí:** Jón G. Zoega og Elías Hergeirsson.

**Gullmerki ÍSí:** Grímur Sæmundsen, Hörður Gunnarsson, Halldór Einarsson og Ægir Ferdinandsson.

**Silfurmerki ÍSí:** Torfi Magnússon, Þorbjörn Jensson og Ragnheiður Víkingsdóttir.

Örn Andrésen og Líney Rut Halldórsdóttir afhentu merkin í afmælishófi Vals 11. maí sl.

Eftirfarandi heiðranir samþykktar í tilefni af ársþingi Körfuknattleikssambands Íslands:

**Silfurmerki ÍSí:** Guðbjörg Norðfjörð og Eyjólfur

Hafsteinn Pálsson afhenti merkin á ársþingi KKÍ á Sauðárkróki 7. maí sl.

Eftirfarandi heiðranir samþykktar í tilefni 60 ára afmælis Fimleikafélagsins Bjarkar:

**Gullmerki ÍSí:** Hafsteinn Þórðarson, Ingvar Kristinsson og Anna María Valtýsdóttir.

Merkin verða afhent síðar í sumar í tengslum við viðburði hjá félaginu.

Eftirfarandi heiðranir samþykktar í tilefni af 75 ára afmæli Umf. Selfoss:

**Gullmerki ÍSí:** Helgi S. Haraldsson og Svanur Ingvarsson.

**Silfurmerki ÍSí:** Olga Bjarnadóttir og Hallur Halldórsson.

Merkin verða afhent 1. júní næstkomandi í afmælishófi félagsins.

Garðar Svansson afhenti Birni Guðbjörnssyni Gullmerki ÍSí á ársþingi Blaksambands Íslands 14. maí síðastliðinn en framkvæmdastjórn hafði áður samþykkt heiðursveitinguna til Björns.

## 9. Fundargerðir:

- 185. fundur framkvæmdastjórnar
- Fundir framkvæmdaráðs frá 12. apríl og 18. maí 2011
- 36. og 37. fundar SÍÓ
- Fundar lyfjaeftirlitsnefndar frá 12. apríl 2011
- 570., 571. og 572. fundur Íslenskrar getspár
- 2., 3. og 4. fundur Íslenskra getrauna
- Minnisblað Andra Stefánssonar frá ferð til Tyrklands vegna fundar aðalfarastjóra EYOF 2011
- Minnisblað Andra Stefánssonar frá ferð vegna fundar aðalfarastjóra Smáþjóðaleika 2011

Hafsteinn skýrði frá því að átakið Hjólað í vinnuna, sem nú stendur yfir, væri afar vel heppnað og aukning í þátttöku umtalsverð. Átakinu lýkur 27. maí nk.

## 10. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

## 11. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Næsti fundur framkvæmdastjórnar verður 23. Júní næstkomandi. Þann dag verður

Ólympíudagurinn haldinn hátíðlegur um allan heim og verður fjölbreytt dagskrá í boði í tilefni þess, í samstarfi við sambandsaðila ÍSí og íþróttafélög.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari